

L Ö G

um breyting á lögum nr. 40 frá 29. maí 1957, um leigubifreiðar
í kaupstöðum og kauptúnum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með sam-
þykki mínu:

1. gr.

Aftan við 1. málslíð 2. mgr. 1. gr. laganna komi:

Ráðuneytinu er heimilt að fengnum tillögum hlutaðeigandi vörubifreiðastjóra-
félags, sem hefur tvö eða fleiri sveitarfélög að félagssvæði, að takmarka fjölda
leigubifreiða til vöruflutninga innan félagssvæðisins, enda komi til meðmæli þeirra
sýslunefnda og bæjarstjórna, sem félagssvæðið fellur undir. Eigi er heimilt að
takmarka sérstaklega fjölda leigubifreiða til vöruflutninga í kaupstöðum og kaup-
túnum með 700 íbúa eða fleiri, ef vörubifreiðastjórar á þessum stöðum eru félagar
í vörubifreiðastjórafélagi, sem hefur tvö sveitarfélög eða fleiri að félagssvæði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal
fella meginmál þeirra og meginmál laga nr. 29 14. maí 1958 inn í lög nr. 40 frá 29.
maí 1957, um leigubifreiðar í kaupstöðum og kauptúnum, og gefa þau út með fyrir-
sögninni: Lög um leigubifreiðar.

Gjört í Reykjavík, 18. maí 1965.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

18. maí 1965.

Nr. 53.

L Ö G

um heimild til hækkunar kvóta hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með sam-
þykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að semja um hækkun á kvóta Íslands hjá Alþjóða-
gjaldeyrissjóðnum úr 11,25 milljónum dollara í 15 milljónir dollara.

Seðlabanki Íslands skal leggja fram það fé, sem þarf vegna hækkunar kvótans,
sbr. 22. gr. laga nr. 10 29. marz 1961, um Seðlabanka Íslands.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 18. maí 1965.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gylfi Þ. Gíslason.